

Ingvar Sigurgeirsson
Ágúst Ólason
Guðlaug Erla Gunnarsdóttir

Námsmat – í þágu hvers?

*Skýrsla um þróunarverkefni um einstaklingsmiðað
námsmat í Ingunnarskóla og Norðlingaskóla 2006–2009*



Lokaskýrsla

Október 2009

SRR: Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

© Ingvar Sigurgeirsson, Ágúst Ólason og Guðlaug Erla Gunnarsdóttir

Öll réttindi áskilin

Námsmat – í þágu hvers?

*Skýrsla um þróunarverkefni um einstaklingsmiðað námsmat í Ingunnarskóla og
Norðlingaskóla 2006–2009*

SRR Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf

ISBN 978-9935-406-00-2

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Um verkefnið	6
Framkvæmd verkefnisins.....	8
Verkefnið í Ingunnarskóla	8
Verkefnið í Norðlingaskóla.....	16
Niðurstöður – horft fram.....	21
Námsmat – Í þágu hvers?.....	23

Inngangur

Í upphafi þessarar aldar mótaði Reykjavíkurborg stefnu um einstaklingsmiðað nám og samvinnunám í grunnskólum borgarinnar (Gerður G. Óskarsdóttir, 2003; Ingvar Sigurgeirsson, 2005, Anna Kristín Sigurðardóttir, 2007). Í Ingunnarskóla og Norðlingaskóla hefur frá upphafi verið mikill áhugi á þróunarstarfi í anda þessarar stefnu og starfsfólk skólanna leitað leiða til að koma betur til móts við þarfir nemenda og hæfileika. Báðir skólarnir hafa verið leiðandi á þessu sviði og starf þeirra vakið athygli.

Í Ingunnarskóla hefur frá stofnun skólans (2001) verið unnið að þróun sveigjanlegra kennsluhátta. Kennarateymi bera ábyrgð á aldursblönduðum námshópum þar sem byggt er á einstaklingsmiðuðu námi, samvinnu, þemavinnu og skapandi starfi (Eygló Friðriksdóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Hrund Gautadóttir og Þorgerður Hlöðversdóttir, 2004). Unnið er í opnum kennslurýmum og áhersla lögð á ábyrgð nemenda á eigin námi, sjálfstæð vinnubrögð og að flétta tölvu- og upplýsingatækni inn í námið. Nemendur gera sér vikuáætlanir í samvinnu við kennara sína og vinna að ýmsum samþættem verkefnum. Sérstaklega hefur verið leitast við að samþætta list- og verkgreinar við aðrar námsgreinar.

Í Norðlingaskóla, sem er að hefja sitt fimmta starfsár, hefur starfið grundvallast á því viðhorfi að hverjum einstaklingi skuli búin námsskilyrði svo hann megi, á eigin forsendum, þroskast og dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður, sterkur og ekki síst lífsglaður einstaklingur. Til að ná þessum markmiðum hefur verið byggt á einstaklingsmiðuðum starfsháttum og samvinnu hvers konar, teymisvinnu kennara og samkenndu árganga. Lögð er áhersla á að nemandinn taki aukna ábyrgð á eigin námi, m.a. með einstaklingsáætlunum (áformum) og námssamningum. Leitast er við að koma til móts við áhugasvið nemenda með því að gefa þeim tækifæri til að vinna að viðfangsefnum að eigin vali þar sem þeir afla sér upplýsinga upp á eigin spýtur. Þá skipa list- og verkgreinar mjög stóran sess og er þó nokkur hluti af vinnutíma nemenda unnin í svokölluðum *Smiðjum* (sjá nánar um þær á heimasíðu verkefnisins¹). Þar er unnið með hvers konar listir og verknám (m.a. leiklist og tónlist) sem samþætt er hinum ýmsu

¹ <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/throun/index.htm>

námsgreinum grunnskólans, s.s. náttúru- og umhverfismennt, samfélagsfræði, íslensku og stærðfræði. Í smiðjunum er oft meiri aldursblöndun en í almennu starfi skólans.

Í Norðlingaskóla hefur áhersla verið lögð á tengsl við nánasta umhverfi skólans og þá náttúru sem hann er í nágrenni við. Í þessu sambandi hefur verið komið upp útikennslustofu, sem fundinn var staður í *Björnslandi* (skógarreit í næsta nágrenni skólans). Þar getur kennsla allra námsgreina farið fram undir berum himni. Þá hafa starfsmenn skólans lagt kapp á að vinna sem best með foreldrum. Einnig hefur mikil samvinna verið um útikennsluna við leikskólann í hverfinu.

Í báðum skólunum hefur frá upphafi verið mikil umræða um það hvernig best sé að haga námsmati þannig að það samrýmdist sem best þeim áherslum sem unnið er eftir þegar stefnt er að aukinni einstaklingsmiðun. Stjórnendur og starfsfólk skólanna sammæltust um að sækja saman um styrk til Þróunarsjóðs grunnskóla Reykjavíkur til að þróa leiðir til námsmats í einstaklingsmiðuðu námi, móta námsmatsstefnu og festa í sessi námsmatskerfi í skólunum sem einnig gæti orðið öðrum til eftirbreytni. Góður styrkur fékkst úr sjóðnum til verkefnisins.

Gerður var samstarfssamningur við Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóli Íslands) um að vera skólunum til ráðuneytis um undirbúning og framkvæmd verkefnisins og hefur hann verið ráðgefandi í báðum skólunum. Einnig kom Þóra Björk Jónsdóttir kennsluráðgjafi á Skólaskrifstofu Skagfirðinga að undirbúningi verkefnisins og tók þátt í fundum og námskeiði þar sem verkefninu var fylgt úr hlaði haustið 2006. Síðasta ár verkefnisins vann Hafþór Guðjónsson dósent við Menntavísindasvið með kennurum í Ingunnarskóla að starfendarannsókn sem m.a. tengdist námsmati. Í báðum skólunum voru skipuð þróunarteymi til að fylgjast með framvindu verkefnisins.

Sett var upp sérstök heimasíða fyrir verkefnið, sjá á þessari slóð:
<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/throun/index.htm>.

Þróunarverkefnið var hugsað til þriggja ára og er þessi skýrsla lokaskýrsla um verkefnið. Áður hafa verið gefnar út tvær áfangaskýrslur (Ingvar Sigurgeirsson o.fl. 2007; Ingvar Sigurgeirsson o.fl. 2008). Í þessari skýrslu er að finna yfirlit um helstu þætti starfsins þessi þrjú ár, ásamt lokamati. Um einstaka þætti er vísað til ofangreindrar

heimasíðu. Þar er m.a. að finna mörg þau námsmatstæki sem þróuð voru í tengslum við verkefnið (gátlista, matskvarða, eyðublöð, kannanir og viðhorfakannanir).

Niðurstöður verkefnisins voru kynntar á sérstakri ráðstefnu sem haldin var í Ingunnarskóla 4. september 2009 í Ingunnarskóla sem fékk heitið *Námsmat – í þágu hvers?* Nánar er fjallað um ráðstefnuna í niðurlagi þessarar skýrslu.

Um þróunarverkefnið

Verkefninu voru í upphafi sett eftirfarandi markmið:

- Kynna og ræða hugmyndir og dæmi um áhugaverðar leiðir þar sem námsmat tekur mið af einstaklingsmiðuðum kennsluháttum.
- Gefa kennurum tækifæri til að þróa námsmatsaðferðir sínar með skipulegum hætti og miðla reynslu sinni til annarra (samstarfsfólks, starfsmanna í öðrum skólum, foreldra).
- Skapa vettvang fyrir kennara skólanna til að dýpka þekkingu sína á fjölbreyttum og áhugaverðum námsmatsaðferðum, einkum þeim sem henta í einstaklingsmiðuðu námi.
- Efla þekkingu starfsmanna á innlendum og erlendum heimildum um námsmatsaðferðir.
- Vinna að námsmatsstefnu skólanna.

Mikil gerjun hefur verið í námsmatsmálum víða um heim á undanförunum misserum. Meðal þeirra aðferða og áherslna sem hafa verið að ryðja sér til rúms er leiðsagnarmat (e. formative assessment, sjá t.d. Black og Wiliam, 1998), sem byggist á mikilli áherslu á samræðu við nemandann um framvindu námsins (matssamtöl), sjálfsmat og jafningjamat. Einnig má nefna frammistöðumat (e. performance assessment, sjá t.d. Ingvar Sigurgeirsson, 1999) sem eins og nafnið bendir til byggist á því að meta nemendur þegar þeir eru að kljást við krefjandi viðfangsefni, og rauntengt námsmat (e. authentic assessment, sjá t.d. Armstrong, 2001) þar sem áhersla er á að námsmatið byggist sem mest á viðfangsefnum sem hafa raunverulegt gildi og matið sé eftir því sem unnt er felld að öðrum viðfangsefnum í náminu. Enn má nefna mat þar sem byggt er á náms- eða ferilmöppum (e. portfolio eða processfolio, sjá t.d. Ingvar Sigurgeirsson, 1999) þar sem

nemendur halda skipulega til haga sýnishornum af úrlausnum sínum. Námsmöppurnar eru síðan notaðar með fjölbreyttum hætti í tengslum við námsmat og foreldrasamstarf.

Þessari hugmyndafræði tengist einnig áhersla á að námsmat sé jafnt og þétt allan námstímann, ekki bara í lok hans eins og algengt er og að það fléttist inn í námið með eðlilegum hætti. Námsmatsverkefni sjálf eiga að hafa kennslufræðilegt gildi og matið á að ná jafnt til aðferða og afurða. Þá er oft lögð áhersla á að byggja matið á margvíslegum gögnum og sjónarhornum. Í því felst m.a. að fá, eftir því sem unnt er, marga aðila til að meta (kennari, samkennarar, nemendur (sjálfsmat, jafningjamat) og foreldrar).

Starfsfólk Ingunnarskóla og Norðlingaskóla ákvað að leggja megináherslu á að þróa námsmatsaðferðir í þeim dúr sem hér hefur verið lýst að ofan. Í umsókn þeirra sagði m.a.:

Markmið með verkefninu er að skipuleggja og þróa leiðir til námsmats í einstaklingsmiðuðu námi. Námsmat þar sem byggt yrði upp heildrænt námsmatsferli sem innifæli fjölbreyttar leiðir s.s. notkun marklista, ferilmöppumats, frammistöðumats, matssamtöl o.fl. (sjá meðfylgjandi lýsingu).

Þessum aðferðum var í umsókn m.a. lýst svo:

Marklistar (rubrics): Nemendur skólanna beggja vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum í a.m.k. íslensku og stærðfræði. Námsmarkmiðin og námsefnið er þrepaskipt og áhersla er á símat. Kennarar skólanna hafa hug á að vinna marklista þannig að með námsmatinu kæmi fram hvaða getu og færni viðkomandi nemandi hefur tileinkað sér. Markmiðið væri að gera námsmatið greinandi fyrir nemendur, foreldra og kennara.

Ferilmöppur (portfolios): Áhugi er fyrir því að útbúa ferilmöppur á hlutlægu og/eða rafrænu formi fyrir hvern nemanda sem lýsandi væri fyrir grunnskólagöngu hans. Hægt væri að sjá valin verk nemandans, kynningar, skjöl, myndir af verkefnum o.s.frv. sem nemandinn gæti t.d. lagt fram þegar hann sækir um framhaldsskóla. Nemendur myndu safna verkefnum frá 1. – 10. bekk í mismunandi möppur, s.s. greinamöppur, þemamöppur og sýnimöppu (sem væri úrval). Sérstök áhersla yrði á að nemendur finndu sitt áhugasvið sem þeir fengu síðan að vinna markvisst með og tengja t.d. vinnustaðaheimsóknum í eldri bekkjum.

Matssamtöl: Mikilvægt er að ná samræðunni inn í námsmatið. Hugmyndin er að byggja upp matssamtöl sem nemandinn og foreldrar hans myndu undirbúa annars vegar og kennarinn hins vega. Þessi samtöl taka mið af þeim markmiðum sem nemandinn hefur sett sér og oft koma fram nýjar víddir við þessar aðstæður sem með skriflegu mati eða marklistamati koma ekki fram. Þá er matssamtalið vettvangur sem tengir þessa þrjá aðila og er oft einnig vettvangur til að setja fram væntingar fyrir næstu áfanga.

Frammistöðumat (performance assessment): Mikilvægt er að leggja mat á framvindu vinnu nemenda og meta hana til jafns á við hefðbundin próf. Nauðsynlegt er að skilgreina hvaða frammistöðumarkmið miðað er við að nemendur nái og hvað liggur að baki hverju markmiði fyrir sig. Lögð yrði áhersla á að allir kennarar skólans hefðu „sama skilning“ á markmiðunum. Náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, kristinfræði og list- og verkgreinar eru kenndar í þemum/smiðjum. Frammistöðumat hentar því mjög vel þegar meta á slíka vinnu.

Fullyrða má að þær aðferðir sem ákveðið var að leggja megináherslu á séu í góðu samræmi við ákvæði *Aðalnámskrár grunnskóla* (2006) en þar er m.a. lögð áhersla mikilvægi þess að námsmat sé fjölbreytt og hvetjandi og að það sé „einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu”. Þar segir einnig að þess sé „enginn kostur að meta námsgengi og framfarir eingöngu með prófum og öðrum formlegum aðferðum ... meta verður alla þætti námsins, framfarir, þekkingu, skilning og leikni og láta þá veða í samræmi við áherslur í náminu ...”. Samkvæmt námskrá þarf námsmatið „að fara fram jafnt og þétt á námstímanum” og kennarar „þurfa að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim.

Framkvæmd verkefnisins

Hér er leitast við að gefa yfirlit eftir árum um helstu verkefni sem fengist var við í skólunum tveimur undir merkjum verkefnisins.

Verkefnið í Ingunnarskóla

Í Ingunnarskóla hefur einkum verið unnið að þessum verkefnum:

Skólaárið 2006–2007:

- **Áhersla á umsagnir í 1.–2. bekk:** Áhersla var lögð á að gefa leiðbeinandi umsagnir í stað einkunna eingöngu.
- **Fjölbreytt námsmat í íslensku í 3.–4. bekk:** Málfræði var sérstaklega tekin fyrir og voru sett niður markmið, verkefni og námsmat sem var annað hvort skrifleg eða munnleg könnun.
- **Þyngdarskipt próf og leiðsagnarmat í 5.–6. bekk:** Fjölbreytt námsmatsverkefni þar sem kennarar sömdu m.a. mismunandi útgáfur af prófum eftir getu nemenda og gáfu leiðbeinandi umsagnir.
- **Fjölbreytt námsmat á unglingsstigi:**
 - Í **íslensku** voru gerðar voru tilraunir með þrepaskipt námsefni, sjálfsmat, mat á hópvinnu o.fl.

- Grunnur var lagður að heildstæðu námsmati 5.–10. bekkjar í **ensku**. Áhersla var lögð á fjölbreytt námsmat þar sem allir færniþættir voru metnir. Leitast var við að minnka vægi hefðbundinna prófa og auka vægi annars konar námsmats (t.d. munnlegar kynningar fyrir hóp, munnlegar einstaklingskannanir, ritunarmöppur, kjörbókarskýrslur, samvinnuverkefni og jafningjamat). Nemendur 5. bekkjar stigu fyrstu skrefin við notkun *Evrópsku tungumálamöppunnar*. Sú nýbreytni var tekin upp að gefa tvær einkunnir, annars vegar markmiðaeinkunn (staða nemandar út frá markmiðum skólanámskrár eða einstaklingsnámskrár) og hins vegar vinnueinkunn (frammistaða í tímum, framfarir, heimanám o.fl).
 - Í **dönsku** var námsmat byggt á munnlegum og skriflegum prófum, könnunum, vinnubók, ritunarverkefnum og frammistöðumati þar sem metin var virkni, vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni, ástundun og frágangur. Einnig voru gerðar tilraunir með sjálfsmat og námsmöppur.
 - Í **stærðfræði** var unnið að því að byggja upp fjölbreytt námsmat, m.a. að minnka vægi hefðbundinna prófa. Námsmatið var byggt á nokkrum könnunum, svokölluðum skilaverkefnum, hópverkefnum, leiðarbók og vinnueinkunn.
 - Í **náttúrufræði** var námsmat byggt á verkmöppu, frammistöðumati, hópverkefnum, skyndiprófum og lokaprófi.
 - Á unglingastiginu var einnig gerð tilraun með **regluleg nemendasamtöl** Umsjónarkennarar hittu nemandur reglulega til að ræða um nám, líðan og samskipti.
- **Frammistöðumat í list- og verkgreinum:** Unnið var að þróun á frammistöðumati og umsögnum. Gerðar voru breytingar á matsviðmiðum í tónmennt og heimilisfræði sem þóttu falla betur að þeim greinum. Einnig var frammistöðumatið einfaldað fyrir yngstu bekkina.
 - **Námsmat í íþróttum:** Búnir voru til marklistar / sóknarkvarðar (e. scoring rubrics) sem notaðir voru til að útskýra einkunnir nemenda.

Skólaárið 2007–2008:

- **Skipulagsbækur** (*Skjatti* og *Skjóða*): Þessar bækur voru þróaðar í samvinnu við Víkurskóla og er *Skjatti* bók fyrir nemendur í 2.–7. bekk en *Skjóða* ætluð nemendum í 8.–10. bekk. Í skipulagsbækurnar skráðu nemendur markmið sín og áætlanir og mátu árangurinn. Bækurnar nýttust mjög vel sem samskiptatæki milli heimilis og skóla og til að halda utan um verkefni og áætlanir nemenda.
- **Námsmöppur; safnmöppur og úrvalsmöppur**: Flestir kennarar skólans nýttu sér námsmöppur með einhverjum hætti. Góð reynsla fékkst m.a. í 2.–3. bekk og 6.–7. bekk, svo dæmi sé tekið. Í 2.–3. bekk voru þær m.a. notaðar í tengslum við þemu, stærðfræði, íslensku og listgreinar og sýndu bæði nemendur og foreldrar aðferðinni mikinn áhuga. Í 6.–7. bekk var ákveðið að þróa þessa aðferð fyrst og fremst í tengslum við íslensku og stærðfræði. Í flestum tilvikum voru möppurnar notaðar í tengslum við foreldrasamtöl, þannig að nemendur sýndu foreldrum sínum úrval verkefna sinna.
- **Nemendasamtöl**: Kennarar á unglíngastigi (8.–10. bekk) höfðu eina kennslustund á viku til að sinna nemendaviðtölum. Hugmyndin var sú að kennarar hittu hvern nemanda einu sinni á önn og ræddu við hann einslega um námið, líðan o.fl. Framkvæmdin var með ýmsum hætti og ánægja með hvernig til tókst.
- **Óhefðbundin próf**: Sem dæmi má nefna að í 6.–7. bekk voru gerðar tilraunir með *samvinnupróf* og gengu þau sérstaklega vel. Einnig voru próf þar sem nemendur fengu að undirbúa sig með því að gera vinnubók heima og máttu síðan koma með hana í prófið. Þá prófuðu kennarar að vera með svokallað *9 próf* sem var þannig að enginn mátti skila prófinu fyrr en allir höfðu fengið 9. Á unglíngastiginu notuðu nokkrir kennarar svokölluð *svindl- eða glósupróf*, þar sem nemendur máttu taka með sér ákveðnar upplýsingar í prófin. Einnig voru *heimapróf*, *samvinnupróf* og svokölluð *örpróf* úr takmörkuðu efni og gáfu allar þessar útfærslur góða raun. *Munnleg próf* voru einnig notuð í mörgum námsgreinum.
- **Frammistöðumat í list- og verkgreinum**: List- og verkgreinakennarar héldu áfram að þreifa sig áfram með *frammistöðumat* þar sem vitnisburður (kennaramat og sjálfsmat) er gefinn í lok hvernar lotu. Nokkrir kennarar bjuggu til svokallaðar

færniskannanir sem ætlað er að nota til að leggja heildarmat á stöðu nemenda í greininni.

- **Prepaskipt próf:** Prepaskipt próf byggjast á því að nemendur fá misþung verkefni til úrlausnar. Nokkrir kennarahópar reyndu ólíkar útfærslur af þessari tilhögun með ágætum árangri.
- **Hjálpargögn:** Nokkrir hópar kennara þróðu markmiðablöð, gátlista og eyðublöð (t.d. fyrir sjálfsmat, jafningjamat og mat kennara á frammistöðu nemenda).

Skólaárið 2008–2009:

- **Námsmöppur; safnmöppur og úrvalsmöppur:** Í upphafi skólaársins var ákveðið að leggja sérstaka rækt við að þróa námsmöppur á öllum stigum á 1. önn skólans og markmiðið var að móta skýrt verkferli um möppurnar. Í 1.–5. bekk safna nemendur verkefnum sem tengjast þemaverkefnum, könnunum og öðrum verkefnum sem unnin eru yfir veturinn. Mappan er kaflaskipt eftir fögum og er einn kaflinn helgaður verkefnum sem nemendur telja vera sín bestu. Nemendur meta möppuna í samvinnu við foreldra sína í námsviðtali á lokadegi skólans. Þeir fylla út sérstakt matsblað sem þeir setja í möppuna. Mappan fer heim í lok 3. bekkjar. Í 4. bekk byrja nemendur að safna í nýja möppu sem fer heim í lok 5. bekkjar og má því segja að mappan hafi bæði hlutverk safnmöppu og úrvalsmöppu. Í 6.–7. bekk er áhersla lögð á að efla sjálfstæði nemenda í vinnu með möppuna, fremst í möppunni er listi yfir það sem á að fara í möppuna og er nemendum ætlað að setja gögn í möppuna á sjálfstæðan hátt. Nemendur í 6.–7. bekk hafa valið verkefni og sett í úrvalsmöppu í lok hvernar annar. Áhersla er lögð á sjálfsmat, að nemendur meti t.d. bestu verkefnin, framfarir og skemmtilegustu verkefni vetrarins. Í lok vetrar skrifa nemendur bréf til foreldra þar sem þeir segja frá vinnu vetrarins og hvernig hefur gengið með möppuna. Mat er lagt á möppuna í lok hvernar annar. Í námsviðtölum með foreldrum er safnmappan nýtt til að ræða framfarir og hvað má betur fara. Nemendur, foreldrar og kennarar komu allir að mati á möppunum og fylltu þar út sérstakt matsblað sem var sérhannað fyrir hvern hóp. Í 8.–10. bekk er mappan faggreinaskipt, sama mappan er bæði safnmappa og úrvalsmappa. Mappa hvers nemenda hafði áhrif á vinnueinkunn í öllum bóklegum

greinum. Útbúinn var gátlisti sem hafður var til hliðsjónar til að meta möppuna. Farið var yfir möppuna í námsviðtölum að vori. Kennarar á þessu stigi bentu á að umfangið á möppunum væri flóknara á þessu stigi en á þeim neðri þar sem nemendur færu mikið á milli stofa og margir kennarar kæmu að kennslu hvers nemanda. Upp kom sú hugmynd að heppilegt gæti verið að nemendur væru með faggreinaskiptar möppur þar sem þeir safna verkefnum sínum saman og síðan væri „möppudagur“ í lok hverrar annar þar sem nemendur veldu bestu verkefni sín í eina úrvalsmöppu.

- **Starfendarannsóknir og námsmat:** Í Ingunnarskóla var ákveðið að fella þróunarverkefnið að hluta inn í starfendarannsóknalíkan (Hafþór Guðjónsson, 2008). Í ágúst var efnt til fræðsludagskrár þar sem sérfræðingar um starfendarannsóknir fjölluðu um þetta efni og í framhaldi af því var þeim kennurum sem áhuga höfðu boðið að taka þátt í starfendarannsóknaverkefni þar sem þróun námsmats var í brennidepli, ásamt fleiri viðfangsefum. Unnið var í hópum og hittust hóparnir mánaðarlega þar sem kennarar báru saman bækur sínar. Í fyrstu var ætlunin að þessi vinna myndi að öllu leyti miðast við umræðu um námsmat en vinnan þróaðist út í það að kennarar ræddu ekki síður almennt um kennsluhætti þó svo að nokkrir hefðu haldið sig við upphaflegt markmið.
- **Skipulagsbækur:** Í skipulagsbækurnar skráðu nemendur í 2.–7. bekk markmið sín og áætlanir og mátu árangurinn reglulega. Nemendur settu sér bæði heildarmarkmið fyrir önnina og einnig vikuleg markmið fyrir verkefni vinunnar. Á unglingsstiginu voru bækurnar notaðar eins og hefðbundnar skipulagsbækur en ekki nýttar sem hluti af áætlunargerð eða mati. Bækurnar nýttust mjög vel sem samskiptatæki milli heimilis og skóla og til að halda utan um verkefni og áætlanir nemenda. Í 6.–7. bekk ljósrituðu kennarar markmiðin sem nemendur höfðu sett sér í upphafi annar og skrifað í bókina, þau lögðu mat á hvernig tekist hefði að ná markmiðunum og fóru þessar upplýsingar í safnmöppu viðkomandi nemenda. Rætt var um þetta í námsviðtali með foreldrum og kennara. Bækurnar hafa verið í áframhaldandi þróun og var lagt formlegt mat á gagnsemi bókana í vetur og þær endurskoðaðar og bættar í samræmi við niðurstöðuna fyrir næstu útgáfu.

- **Nemendasamtöl:** Kennarar á unglingastigi (8.–10. bekk) höfðu eina kennslustund á viku til að sinna nemendaviðtölum þar sem áhersla var lögð á að meta hvernig námið og aðstoða nemendur við að setja sér ný markmið í samræmi við árangurinn. Oftast voru þetta einstaklingsviðtöl en einnig hittu kennarar stundum allan bekkinn á bekkjarfundi eða í minni hópum. Í 2.–7. bekk var vikulegt samtal nemenda og kennara. Nemandi fékk tíma með kennaranum sínum og fór yfir áætlun síðustu viku, þeir ræddu hvort markmið nemandans hefðu náðst, hvort nemandinn hefði verið að bæta sig, eða ef ekki um ástæður þess að markmiðum var ekki náð. Áhersla var lögð á uppbyggileg viðtöl við nemendur og er stefnan alltaf að horfa fram á við og læra af því sem á undan er gengið. Á 2. önn var sú nýbreytni í námsviðtölum með foreldrum í 6.–7. bekk að nemendur mættu ásamt foreldrum sínum 15 mínútum fyrir viðtal með kennurunum. Þessi tími var ætlaður til þess að skapa tíma fyrir barn og foreldra til að skoða *Skjatta* (skipulagsbók) og námsmöppuna fyrir viðtalið með kennaranum. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag hjá foreldrum og var þetta skipulagt haft að leiðarljósi í öllum viðtölum í 1.–7. bekk í lok 3. annarinnar.
- **Óhefðbundin próf:** Kennarar héldu áfram að þróa fjölbreyttar leiðir við próf. Dæmi um próf eru *samvinnupróf* sem nemendur í 6.–10. bekk leystu með góðri raun og er þetta form að festast í sessi í námsmatsskipulagi skólans. Á unglingastiginu notuðu nokkrir kennarar *svindl- eða glósupróf*, þar sem nemendur máttu taka með sér ákveðnar upplýsingar í prófin. Einnig voru *heimapróf* og *örpróf* úr takmörkuðu efni og gáfu allar þessar útfærslur góða raun. *Munnleg próf* voru einnig notuð í mörgum námsgreinum. Á unglingastigi komu nemendur að því að semja próf í íslensku, nemendur sömdu tíu prófspurningar, hver hópur úr sínum umfjöllunarþætti. Kennari valdi svo eina spurningu frá hverjum hópi og setti saman í örpróf.
- **Þrepaskipt próf:** Í íslensku og stærðfræði eru þrepaskipt stöðupróf í 2.–10. bekk. Búið er að skipta námsefninu upp í ákveðin þrep til að auðvelda einstaklingsmiðaða kennsluhætti og yfirsýn yfir framfarir hvers og eins nemenda. Ákveðnir færniþættir eru settir fram á þrepablaði sem nemandi hakar við þegar hann telur sig hafa náð tókum á viðkomandi þætti. Nemandinn fyllir út slíkt blað

áður en hann tekur stöðupróf. Þannig veit hann hvaða þekkingu hann á að hafa náð og hægt er að koma til móts við hann ef hann hefur ekki náð ákveðnum þáttum áður en hann tekur prófið. Ef nemandinn nær einkunninni 7 getur hann farið yfir á næsta þrep og ef ekki fær hann ákveðið ítarefni þar til hann hefur náð tilætluðum árangri. Stærðfræði er t.d. skipt í 20 stig. Miðað er við að nemendur ljúki tveimur stigum á ári. Hverju stigi er skipt upp í ákveðna efnisþætti. Þegar nemendur í 6.–7. bekk fá nýja bók í stærðfræði fá þeir einnig markmiðablöð fyrir hvern efnisþátt. Á markmiðablöðunum eru viðeigandi markmið ásamt upplýsingum um blaðsíður sem á að reikna og ítarefni. Nemandinn merkir við þau markmið sem hann hefur náð. Þessi þrepa- og stöðupróf eru í endurskoðun bæði í íslensku og stærðfræði. Í 6.–7. bekk er þetta fyrirkomulag ekki notað í íslensku en stuðst er við þrepaskipt próf.

- **Frammistöðumat í list- og verkgreinum:** List- og verkgreinakennarar héldu áfram að þróa form fyrir frammistöðumat þar sem vitnisburður (kennaramat og sjálfsmat) er gefinn í lok hvernar lotu. Frammistöðumat og gátlistar eru lagðir til grundvallar umsögnum sem gefnar eru í lok hvernar annar. Á hverri önn er tekin ljósmynd af a.m.k. einu verkefni sem nemandi hefur unnið, ýmist einn eða með öðrum, sem hann fyllir inn á svokallaðan „ég kann lista“ og setur í safnmöppuna sína. Verkefni sem lögð eru fyrir eru þannig byggð upp að hver og einn leysir verkefnið eftir eigin getu og áhuga. Námsmátið tekur á sama hátt mið af getu nemandans. Kennarar nýttu sér marklista við mat á vinnu nemenda og einnig var unnið að þróun sjálfsmats nemenda.
- **Hjálpargögn:** Á öllum stigum voru markmiðalistar, marklistar, gátlistar og eyðublöð (t.d. fyrir sjálfsmat, jafningjamat og mat kennara á frammistöðu nemenda) þróuð áfram í vetur. Marklistar voru aðallega notaðir við mat í list- og verkgreinum. Í 6.–7. bekk var gátlisti sem nemendur nota í áætlunarvinnu endurskoðaður og bættur. Dæmi um slík gögn er að finna á heimasíðu verkefnisins.
- **Fjölbreytt námsmat:** Mikil áhersla hefur verið lögð á fjölbreytt námsmat og hafa kennarar verið að þróa ýmsar leiðir í þeim efnum. Hér á eftir verða nefnd nokkur dæmi og námsmatshætti sem hafa verið að festast í sessi í skólastarfinu og gengið

vel. Nemendur sýna og semja leikrit sem metið er í tengslum við „Book report-verkefni“ í ensku. Þetta form reyndist afar vel og var gaman að fylgjast með því hversu vel nemendur undirbjuggu sig og lögðu sig fram. Nemendur útbúa veggspjald eða bækling í tengslum við munnlegt próf í ensku á unglíngastigi. Nemendur í 6.–7. bekk fá hugtakalista úr ákveðinni bók í vísindum og gera hugtakabók sem metin er til einkunnar. Nemendur útbúa vefsíðu sem verður metin til einkunnar í þemavinnu í 6.–7. bekk. Nemendur vinna að stuttmynd, brúðuleikhúsi eða útbúa bók í tengslum við þema í 6.–7. bekk og er þessi vinna metin. Fleiri dæmi eru: Sjálfsmat, jafningjamat og samvinnumat og er búið að útbúa sérstök eyðublöð til þessa. Nemendur meta einnig kennarana og starfið á kennslusvæðinu. Nemendur í 4.–5. bekk útbúa skjásýningu (PowerPoint) í lok þemaverkefna sem er metin. Frammistaða nemenda í tímum er metin út frá frammistöðumati, notað er staðlað eyðublað við matið og nemendur fá umsögn um frammistöðu í tímum. Í lok 10. bekkjar vinna nemendur í tvær vikur að þemaverkefni og er það samþætt öllum námsgreinum. Lokin á þessu verkefni er kynning hjá nemendum og foreldrum og kennurum skólans boðið á hana. Einkunn fyrir þetta verkefni vegur tæplega þriðjung af lokaeinkunn í öllum bóklestum fögum á þessari önn. Nemendur hafa lagt sig sérstaklega vel fram við þetta verkefni og sýnt mikinn metnað og er þetta verkefni orðinn fastur liður í lok 10. bekkjar. Auk þessa er hefbundið námsmat og stöðluð skimunarpróf lögð fyrir reglulega í ákveðnum árgöngum.

Í Ingunnarskóla hefur m.a. verið efnt til eftirfarandi fræðslu um námsmat fyrir starfsfólk, auk inngangsnámskeiðsins í ágúst 2006:

- Auður Stefánsdóttir skólastjóri Laugalækjarskóla heimsótti skólann 17. apríl 2007 og fjallaði um þróun námsmats í sínum skóla en þar hefur í fimm ár verið fengist við að þróa námsmóppur og annað einstaklingsmiðað nám.
- Þann 6. júní 2007 fjölluðu Björk Sigurðardóttir og Ólöf Ása Benediktsdóttir um þróunarverkefni í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit en þar hefur verið unnið að endurbótum á námsmati með mjög svipuðum hætti og í Ingunnar- og Norðlingaskóla.

- Á námskeiðsdögum 9. og 10. ágúst kynntu kennarar dæmi um þróunarverkefni og Sigrún Cortes, kennari í Salaskóla, fjallaði um samvinnuþróf og prófavikur, auk þess sem rætt var um námsmatsaðferðir í hópum.
- Auður Ögmundsdóttir hélt erindi um námsmöppur á starfsdegi 9. apríl 2008 með áherslu á notkun þeirra í foreldrasamstarfi.
- Þann 15. ágúst 2008 var efnt til dagskrár um starfendarannsóknir. Hafþór Guðjónsson dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Ívar Rafn Jónsson kennari við Borgarholtsskóla kynntu þessa aðferð og reynslu af slíkri vinnu úr starfi. Í framhaldi af því var stofnað til starfshóps sem hittist mánaðarlega og fékkst við eigin verkefni.
- Guðbjörg Pálsdóttir lektor við HÍ og Laufey Einarsdóttir kennari við Víkurskóla voru með erindi fyrir kennara í 6.–10. bekk um einstaklingsmiðað námsmat og kennsluhætti þann 18. nóvember 2008.
- Guðbjörg Pálsdóttir lektor við HÍ og Þórunn Erla Stefánsdóttir kennari við Hraunvallaskóla fjölluðu um einstaklingsmiðað námsmat og kennsluhætti fyrir kennara í 1.–7. bekk þann 3. febrúar 2009.

Þá var Svanhildur Sverrisdóttir kennsluráðgjafi íslenskukennurum á unglíngastigi sérstaklega innan handar um skipulag kennslu og námsmat fyrstu tvö ár verkefnisins.

Verkefnið í Norðlingaskóla

Í Norðlingaskóla hefur einkum verið unnið að þessum verkefnum:

Skólaárið 2006–2007:

- **Matssamtöl:** Undirbúin voru matsamtöl við nemendur; að hausti, í janúar og að vori. Tilgangur þeirra og markmið var að meta m.a. líðan, námslega stöðu nemandans, áhugamál og sterkar hliðar, sem og að setja fram markmið og væntingar. Búin voru til sérstök eyðublöð til að nota við undirbúning samtalanna (sjá á heimasíðu verkefnisins).
- **Námsjóður** (námsmappa): Mótaðar voru tillögur um úrval verkefna sem nemendur setja í námsjóðinn og safna skipulega alla grunnskólagönguna. Á hverju ári heldur nemandinn til haga völdum verkefnum. Hugmyndin var sú að

- Þegar nemandinn brautskráist eigi hann safn verkefna frá öllum námsárum sínum í skólanum. Í upphafi var stefnt að því að námsjóðurinn yrði í meginatriðum rafrænn. Nemandi velur í sjóðinn í samráði við kennara og rökstyður val sitt og einnig var stefnt að því að sjóðurinn yrði notaður í tengslum við matssamtölin.
- **Námsmat í samfélags- og náttúrufræði:** Starfshópar lögðu drög að þema-verkefnum þar sem byggt var á samþættingu námsgreina. Nemendur unnu í hópum að heildstæðum viðfangsefnum sem tengd voru ákveðnum þemum. Á heimasíðu verkefnisins er gerð nánari grein fyrir þessum útfærslum og gefin dæmi, bæði af yngsta stigi og unglíngastigi.
 - **Námsmat í smiðjum:** Grunnur var lagður að námsmati í svokölluðum smiðjum, sem eru nokkurs konar verkstæði þar sem nemendur vinna með fjölbreyttum hætti að ýmsum samþættum verkefnum. Sem dæmi um smiðjur má nefna: *Hljóðsögugerð, Fuglahús, Skuggaleikhús, Leikjasmiðju, Álfasmiðju, Tröllasmiðju, Safnasmiðju og Fjölgreindasmiðju*. Hver smiðja stendur í fimm til sex vikur og eru þær aldursblandaðar. Megináhersla er lögð á skapandi vinnu þar sem list- og verkgreinar eru samþættar við aðrar námsgreinar. Unnið var matsblað sem notað var við mat á frammistöðu nemenda í smiðjunum (sjá á heimasíðu þróunarverkefnisins). Norðlingaskóli hlaut hvatningarverðlaun Menntaráðs Reykjavíkur vorið 2008 fyrir verkefnið *Smiðjur í skólastarfi*.

Verkefni 2007–2008:

- **Matssamtöl:** Matssamtölum var hrint í framkvæmd samkvæmt þeim áætlunum sem gerðar höfðu verið árið áður. Eyðublöðin, sem notuð eru í tengslum við viðtölin, voru endurskoðuð (sjá á heimasíðu þróunarverkefnisins). Tekinn var saman bæklingur fyrir foreldra um tilgang og framkvæmd samtanna (sjá einnig á heimasíðu þróunarverkefnisins). Samdóma álit nemenda, foreldra og kennara var að samtölin hefðu tekist vel og ákveðið var að stefna að því að þau yrðu fastur liður í starfi skólans.
- **Námsjóður:** Unnið var að þróun námssjóðsins, einkum í yngstu aldurshópunum.
- **Námsmat í samfélags- og náttúrufræði:** Hægar miðaði við að þróa þessi þemaverkefni en vænst var. Undantekning voru þemaverkefni sem kennarar í 5.–

7. bekk mótuðu, m.a. um Evrópu, þar sem áhersla var lögð á að leggja skólabækur sem mest til hliðar en leggja þess í stað áherslu á skapandi verkefni (tónlist, leikræna tjáningu o.fl.), leitarnám, samvinnunám, heimildavinnu og upplýsingatækni. Nánari upplýsingar um þetta verkefni er að finna á heimasíðu þróunarverkefnisins.

- **Námsmat í smiðjum:** Á árinu var ákveðið að gera smiðjurnar að sérstöku þróunarverkefni og var sótt um styrk til Þróunarsjóðs Menntasviðs og fékkst góður styrkur til að þróa þessar hugmyndir áfram. Starfshópar unnu að mótun viðfangsefna fyrir smiðjurnar og náði sú útfærsla m.a. til námsmats.
- **Námsmat í útikennslu:** Unnið var að mótun hugmynda um námsmat í tengslum við útikennsluna. Sem dæmi má nefna að námsmat í ensku hjá unglिंगadeild var byggt á lesskilningsprófi sem haldið var í útikennslustofu skólans í Björnslundi. Þótti þetta gefa afar góða raun. Nánari lýsingu á þessu prófi er að finna á heimasíðu þróunarverkefnisins.
- **Einstaklingsmiðuð próf:** Gerðar voru tilraunir með einstaklingsmiðuð próf í svokölluðum prófavikum. Prófin voru einstaklingsmiðuð og stóðu í nokkra daga. Nemendur skipulögðu sjálfir hvaða próf þeir tóku á hverjum degi. Viðmiðið var að taka eitt próf á dag. Þessi tilraun þótti takast mjög vel og nemendur á heildina ánægðir með þetta fyrirkomulag. Sérstaklega má nefna að nemendur með mikinn prófkvíða voru mjög sáttir við þessa tilhögun. Nánari lýsing á þessari tilhögun er á heimasíðu verkefnisins.

Verkefnin 2008–2009:

- **Matssamtöl:** Áfram var haldið við að þróa matssamtölin og má segja að þau hafi á þessu ári verið fest í sessi í skólastarfi Norðlingaskóla. Þau eru þrjú yfir skólaárið, í byrjun október, í janúar við annarlök og í júní við skil á vorannarmati. Vaxandi ánægja hefur verið með þennan þátt í skólastarfinu og hafa nemendur, foreldrar og kennarar allir verið á einu máli um jákvæða þróun og aukið mikilvægi matsamtalanna. Gerð var könnun á viðhorfum kennara, nemenda og foreldra í Norðlingaskóla til námsmats í skólanum og þá sérstaklega til matsamtalanna (Ágúst Ólason, 2009). Þar kemur fram að margvíslegur ávinningur

er af viðtölunum. Mat kennara, nemenda og foreldra er að samræðan sem samtölin byggjast á styrki sjálfsmynd nemenda, auki traust og trúnað og sé upplýsandi fyrir alla aðila. Matsamtölin gefa þeim sem þátt taka tækifæri til að deila ábyrgð og fylgjast betur með en ella væri. Þá er það einn þáttur matsamtalanna að draga fram markmið náms og kennslu sem og að skýra væntingar til skólastarfsins. Í matsamtölum á miðjum vetri og vori er hægt að ræða hvort markmið hafi náðst og að staðið hafi verið undir væntingum.

- **Markmiðstengdar umsagnir:** Á haustdögum 2008 voru sett af stað stefnumörkunarteymi í Norðlingaskóla. Hlutverk þeirra var að kynna sér það sem á döfinni er í viðkomandi málaflokki, koma með hugmyndir í tengslum við reynslu skólans, ræða kosti og galla og setja fram stefnu í viðkomandi málaflokki. Eitt þessara stefnumörkunarteyma fjallaði um námsmat. Teymið mótaði hugmyndir um nýja útfærslu á vitnisburði. Lögð var áhersla á að annarmati væri skilað með markmiðum, einkunnum og umsögnum. Teymið vann drög að uppsetningu og útfærslu slíkra umsagna og fékk fjóra kennara í 5.–7. bekk, sem er samkennsluhópur í Norðlingaskóla, til að taka að sér að vinna og skila vormati 2009 á þennan hátt. Niðurstaða þeirra var sú að þess leið væri skref fram á við. Hún væri markvissari og skilaði jafnt kennurum sem nemendum áreiðanlegri niðurstöðum. Gerð var könnun meðal foreldra / forráðamanna og nemenda um viðhorf þeirra til þessarar útfærslu á annarmatinu. Foreldrar lýstu ánægju sinni með þessa breytingu og töldu hana skemmtilega, skilmerkilega og persónulega. Helst var gagnrýnt að ósamræmis gætti á milli umsagna milli námsgreina. Flestir nemendanna voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir og skildu þær upplýsingar sem eru á námsmatinu. Með hliðsjón af þessu var ákveðið að á næsta skólaári, 2009–2010, fái flestir, ef ekki allir, nemendur Norðlingaskóla vitnisburð með þessum hætti.
- **Námsjóður:** Áfram var unnið að þróun námssjóðsins í Norðlingaskóla. Unnið var að því að safna gögnum nemenda í flestum námsgreinum sem og í öðru skólastarfi svo sem í félagslífi skólans. Mismunandi mikil áhersla var á þennan þátt eftir námshópum en segja má að nú eigi allir nemendur skólans gögn á rafrænu formi. Enn eru skiptar skoðanir á því hvort gögnin eigi að vera eingöngu rafræn eða

- hvort þau eigi einnig að vera í upprunalegu formi. Niðurstaða liggur ekki fyrir. Unnið er að því að þróa námsjóðinn enn frekar. Taka þarf afstöðu til þess hvernig best sé að virkja nemendur og foreldra til þátttöku í að móta námssjóðinn, sem og hvernig eigi að nýta þau gögn sem safnað er og tengja námsmati nemenda. Þá er verið að skoða hvort og hvernig eigi að sýna þau gögn sem safnað er.
- **Námsmat í samfélags- og náttúrufræði:** Í upphafi verkefnisins var ákveðið að leggja áherslu á að móta námsmat í tengslum við við samþætt verkefni í samfélags- og náttúrufræði einkum á unglíngastigi. Fyrstu tvö árin var talvert að þessu unnið en þegar önnur viðfangsefni urðu yfirgrípsmeiri var þetta að mestu lagt til hliðar. Þetta er eitt af því sem brýnt er að sinna í framhaldi af þessu verkefni.
 - **Námsmat í smiðjum:** Á árinu var þróun smiðjuhugmyndarinnar gerð að sérstöku þróunarverkefni en styrkur fékkst til verkefnisins frá Þróunarsjóði Menntasviðs. Markmið þróunarverkefnisins *Smiðjur í Norðlingskóla* er að móta heildstætt skipulag um samþættingu verk- og listgreina við samfélags- og náttúrufræði. Smiðjurnar eru nokkurs konar verkstæði þar sem nemendur vinna að samþættem verkefnum í aldursblönduðum hópum. Megináhersla hefur verið lögð á verklega og skapandi vinnu þar sem list- og verkgreinar eru samþætтар við aðrar námsgreinar, einkum náttúrufræði og samfélagsgreinum, en einnig íslensku og stærðfræði. Í tengslum við þessa vinnu sem og stefnumörkun um námsmat hefur nokkur umræða farið fram um skil á smiðjumati og margar leiðir verið reyndar. Dæmi um fyrirkomulag námsmats í smiðjum er að finna á heimasíðu Norðlingaskóla (www.nordlingaskoli.is).
 - **Námsmat í útikennslu:** Útikennsla í Norðlingaskóla hefur farið fram í Björnslundi, útikennslustofu skólans, sem og annarsstaðar þar sem viðfangsefni hverju sinni hefur verið að finna. Í Björnslundi hefur útikennslan oftast en ekki verið í tengd tilteknum smiðjum og námsmatið fallið að því starfi. Þá hefur námsmat oft tengst svokölluðum Fimmtíu-leik, en leikurinn er útileikur sem byggist á spurningakeppni milli hópa (sjá lýsingu á heimasíðu verkefnisins).
 - **Einstaklingsmiðuð próf:** Á undanförunum árum hafa kennarar á unglíngastigi verið að þreifa sig áfram með einstaklingsmiðuð próf (sjá hér á undan). Enda þótt

margir nemendur hafi verið ánægðir með þessa tilhögun (einkum nemendur með prófkvíða) var ákveðið að falla frá þessu fyrirkomulagi og leggja þess í stað áherslu á fjölbreytt og stöðugt námsmat.

- **Útskriftarmöppur.** Á vordögum 2009 útskrifaði Norðlingaskóli fyrstu nemendur úr 10. bekk. Við undirbúning þeirrar athafnar var horft til þess hvernig skólinn vildi skila nemendum lokanámsmati sínu. Varð úr að hanna möppu með nafni, kennitölu og mynd af nemandanum á framhlið og tveimur ljóðum sem einkenna Norðlingaskóla á bakhlið. Inn í möppuna var síðan stungið námsmati nemandans sem útfært var á annan hátt en annað námsmat skólans (sjá nánar á heimasíðu verkefnisins).

Niðurstöður – horft fram

Þegar litið er til þeirra verkefna sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu má sjá að talsvert hefur áunnist. Fengist hefur verið við fjölbreyttar námsmatsaðferðir. Nefna má nemendasamtöl, námsmöppur, óhefðbundin próf af ýmsum gerðum, frammistöðumat, sjálfsmat nemenda og breytt umsagna- og vitnisburðarform. Afrakstur verkefnisins hefur verið gerður sýnilegur á heimasíðu verkefnisins svo hann gæti nýst kennurum utan skólanna tveggja (sjá <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/throun/index.htm>). Vitað er að fjölmargir kennarar hafa fært sér þetta í nyt.

Sé litið til þeirra markmiða sem verkefninu voru sett í upphafi má sjá að þegar á heildina er litið hefur vel miðað. Stefnt var að því að kynna og ræða hugmyndir og dæmi um áhugaverðar leiðir þar sem námsmat tekur mið af einstaklingsmiðuðum kennslu háttum. Ekki verður betur séð en að þessu markmiði hafi verið náð og í raun hefur fjölbreyntin jafnvel orðið meiri en áætlað var í upphafi. Þá hefur kennurum verið gefið tækifæri til að dýpka þekkingu sína á ólíkum námsmatsaðferðum og þróa ákveðnar aðferðir með skipulegum hætti og miðla reynslu sinni til annarra.

Við upphaf verkefnisins var við það miðað að meginþungi yrði á þróun marklista, námsmappa (sem þá voru kallaðar ferlismöppur), matssamtala og frammistöðumats. Unnið hefur verið að verkefnum sem tengjast öllum þessum þáttum, en þó hefur áherslan verið hvað minnst marklistana. Þetta má gjarnan skýra á þann hátt að áhersla hafi verið á aðra þætti sem þóttu vera brýnni miðað við uppbyggingu skólastarfs í hvorum skóla fyrir

sig). Í Ingunnarskóla er t.d. búið að þrepaskipta markmiðum í íslensku og stærðfræði og útbúa ákveðna matslista fyrir nemendur til að meta hvernig þeim miðar og auk þess er búið að semja stigskipt próf sem lögð eru fyrir eftir hvert sig. Þó nokkur vinna hefur farið í þetta skipulag sem er stöðugt í endurmati og sjá kennarar sér ekki hag í því að bæta marklistum við þetta fyrirkomulag. Þá hefur verið fengist við fjölmargar aðrar aðferðir og má benda á að þar er þáttur óhefðbundinna prófa af ýmsum gerðum sérstaklega stór. Þetta má vel sjá þegar taldar eru upp helstu gerðir óhefðbundinna prófa sem komið hafa við sögu þessa verkefnis: *einstaklingsmiðuð próf*, *glósupróf*, *heimapróf*, *munleg próf*, *samvinnupróf*, *svindlpróf*, *útipróf*, *þrepaskipt próf* og *örpróf* og er þá ekki allt talið.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að skólarnir myndu hafa samráð sín á milli um verkefni. Minna varð úr því en upphaflega var gert ráð fyrir. Þannig náðu verkefni, sem gert var ráð fyrir þvert á skólana, ekki fram að ganga. Hægt er að álykta að það hafi helgast af mismunandi áherslum og ólíkum nálgunum sem á hinn bóginn hafa leitt af sér fjölbreyttari verkefni. Stjórnendur verkefnisins hafa hist reglulega og borið saman bækur sínar og kennarar beggja skólanna miðlað hinum af reynslu sinni.

Í báðum skólunum hafa farið fram miklar umræður um stefnumörkun í námsmati, en eitt meginmarkmið verkefnisins var að þoka slíkri stefnumörkun áfram. Þessi umræða náði lengst síðasta ár verkefnisins, sem m.a. má sjá af aukinni samstöðu um áherslur í námsmati í báðum skólunum.

Enda þótt þessu þróunarverkefni ljúki með útgáfu þessarar skýrslu er ljóst að þróun námsmats mun halda áfram innan beggja skólanna. Þar verður lögð áhersla á að festa í sessi þær námsmatsaðferðir sem gefist hafa vel og styðja við þá kennsluhætti sem hafðir eru í heiðri.

Í Ingunnarskóla er m.a. áhugi á að þróa stöðupróf sem lögð verða fyrir alla árganga á hverju hausti og á hverju vori til að fylgjast sem best með framförum hvers og eins í stærðfræði og íslensku. Niðurstöðurnar verða nýttar til þess að kennarar og foreldrar fái enn betri yfirsýn yfir stöðu barnsins og þannig hægt að bregðast skjótar við ef barnið sýnir ekki nægjanlegar framfarir. Mati sem þessu er ætlað að greina stöðuna og verða niðurstöðurnar geymdar í ferilskrá nemandans, en ekki færðar í vitnisburðarbók hans. Með slíku mati ætti að vera hægt að fá mjög góða yfirsýn yfir framfarir barnsins og

er þess vænst að slíkar upplýsingar verði góð viðbót við hið fjölbreytta námsmat sem hefur verið í þróun í skólanum.

Í Norðlingaskóla er áformað að leggja sérstaka rækt við matssamtölin. Verður lögð áhersla á að festa þau í sessi og verður sérstaklega hugað að tímanum sem þeim er ætlaður. Námsjóðnum verða sömuleiðis gerð betri skil. Unnið verður að því tengja val í námssjóðinn og rökstuðning með því við matsamtöl í lok hverrar annar. Þá verða settar fram hugmyndir um framsetningu á því sem sýna á úr námssjóðnum sem og hvernig kynna á það fyrir foreldrum. Þá verður námsmat í smiðjum skoðað frá grunni. Starfsmenn skólans hafa sammælt um að það þurfi að endurskoða það, leita fjölbreyttari leiða, nota margvíslega marklista og kenna nemendum á jafningja- og sjálfsmat.

Þróun námsmatsaðferða og kennsluhátta er verkefni sem aldrei er lokið og verða kennarar og stjórnendur stöðugt að vega og meta það starf sem fer fram og leitast við að undirbúa nemandann sem best undir að takast á við það sem framundan er.

Námsmat – í þágu hvers?

Þegar hafist var handa við að draga niðurstöður saman og ljúka verkefninu kom upp hugmynd um að gera það með því að efna til ráðstefnu þar sem niðurstöður væru kynntar og vettvangur skapaður til að ræða þær. Ákveðið var að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd og var ráðstefnan haldinn í Ingunnarskóla 4. september 2009 undir heitinu *Námsmat – í þágu hvers?* Mikill áhugi var á ráðstefnunni og sóttu hana um 270 manns.

Ráðstefnan hófst á því að skólastýrur Ingunnar- og Norðlingaskóla, þær Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Sif Vígbórsdóttir, buðu ráðstefnugesti velkomna og gerðu grein fyrir tilurð verkefnisins. Þá flutti Ingvar Sigurgeirsson, ráðgjafi verkefnisins, erindi sem hann nefndi *Hvað er einstaklingsmiðað námsmat?* Hrund Gautadóttir gerði grein fyrir í hvernig staðið hefur verið að verkefninu í Ingunnarskóla og kallaði hún erindi sitt *Námsmat – Upphaf eða endir?* Ágúst Ólason lýsti verkefninu í Norðlingaskóla í erindi sem bar heitið *Námsmat – Nemandinn í öndvegi!* Hægt er að nálgast upplýsingar um erindin á heimasíðu verkefnisins.

Að loknum erindum var gestum boðið að kynna sér nánar hvernig staðið hefur verið að verkefninu í skólunum tveimur. Kennarar skólanna kynntu verkefni sín í fimm málstofum: Byrjendakennsla, miðstig, unglingsstig, list- og verkgreinar og íþróttir. Þá gafst tækifæri til fyrirspurna og samræðna.

Tilvísanir

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti. (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Anna Kristín Sigurðardóttir (2007). Þróun einstaklingsmiðaðs náms í grunnskólum Reykjavíkur. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Grein birt 15. desember á þessari slóð:* <http://netla.khi.is/greinar/2007/012/index.htm>.

Armstrong, T, í þýðingu Erlu Kristjánsdóttur (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni.* Reykjavík: JPV útgáfa.

Ágúst Ólason (2009). *Verkefni á námskeiði um námsmat og prófagerð.* Óbirt námsritgerð á námskeiði í meistaranámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Black, P. og Wiliam, D. (1998). Inside the Black Box: Raising Standards Through Classroom Assessment. *Phi Delta Kappa International.* Sótt á Netið 18. febrúar 2007 á <http://www.pdkintl.org/kappan/kbla9810.htm>.

Eygló Friðriksdóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Hrund Gautadóttir og Þorgerður Hlökkversdóttir (2004). Nýr skóli á nýrri öld Þróun náms- og kennsluhátta við Ingunnarskóla. *Netla: Vef tímarit um uppeldi og menntun.* Grein birt 28. júní. Sótt á Netið 23. júní 2007 á <http://netla.khi.is/greinar/2004/005/index.htm>.

Gerður G. Óskarsdóttir (2003). *Skólustarf á nýrri öld.* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Hafþór Guðjónsson (2008). Starfendarannsóknir í Menntaskólanum við Sund. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Grein birt 4. apríl á þessari slóð:* <http://netla.khi.is/greinar/2008/002/index.htm>.

Ingvar Sigurgeirsson (1999). Námsmat byggt á traustum heimildum ... Í *Steinum í vörðu*, til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri. (Ritstjórar Helgi Skúli Kjartansson o.fl.). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Bls.147–169.

Ingvar Sigurgeirsson (2005). Um einstaklingsmiðað nám, opinn skóla og enn fleiri hugtök ... *Uppeldi og menntun*, 14(2), 9–32.

Ingvar Sigurgeirsson o.fl. (2007). *Einstaklingsmiðað námsmat í Ingunnarskóla og Norðlingaskóla: Áfangaskýrsla um þróunarverkefnið Móðurskólar í uppbyggingu einstaklingsmiðaðs námsmats í Ingunnar- og Norðlingaskóla skólaárið 2006–2007.* Reykjavík: SRR: Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf.

Ingvar Sigurgeirsson o.fl. (2008). *Einstaklingsmiðað námsmat í Ingunnarskóla og Norðlingaskóla: Áfangaskýrsla um þróunarverkefnið Móðurskólar í uppbyggingu einstaklingsmiðaðs námsmats í Ingunnar- og Norðlingaskóla skólaárið 2007–2008.* Reykjavík: SRR: Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf.

Laugalækjarskóli (2007) *Einstaklingsmiðað nám.* Sótt á Netið 23. júní 2007 á <http://www.laugalækjarskoli.is/einstaklings/index.htm>.

Sprague, J. og Golly, A. (2008). *Til fyrirmyndar: Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun.* Reynir Harðarson (þýðandi). Reykjavík: Skrudda.